



# CCU-SAMTÖKIN

(Crohn's og Colitis Ulcerosa Samtökin)

Nóvember 2003

## Fundarboð

Félagsfundur verður haldinn fimmtud. 4. desember 2003  
kl. 20:30 að Grand Hótel, Sigtúni, Rvk.

Þema fundarins er Betri Líðan og fyrirlesari verður Hörður Þorgilsson, sálfræðingur. Hörður starfar sem sálfræðingur á vegum Landsspítala Háskólasjúkrahúss og hann hefur m.a. umsjón með námskeiðinu Betri Líðan.

Hörður mun fjalla um áhrif langvinnra sjúkdóma á daglegt líf og líðan og hvernig jákvætt hugarfar getur stuðlað að betri líðan.

Svala Sigurgarðarsdóttir og Unnur Árnadóttir fóru í sumar á EFFCA ráðstefnuna og unglingaráðstefnuna sem haldin var í Berlin. Þær sátu fyrirlestra um ýmislegt sem er að gerast og hlustuðu á sögur fólks af sinni upplifun af sjúkdóminum, sjúkrahússögur, skólasögur og hvað má bæta á þeim vettvangi. Áhugi Unnar beindist sérstaklega að unglingum og mun hún fjalla um það á fundinum og athuga hvort áhugi sé á að stofna ungliðahreyfingu innan samtakanna. Það sem Unni fannst ferðin helst gefa okkur var samband okkar við önnur lönd, hugmyndir og til að styrkja okkur í því sem við erum að gera.

Að lokum fundi munum við fá okkur kaffi og ræða saman m.a. um stöðu okkar í tryggingamálum.

Vonumst til að sjá sem flesta,  
Stjórnin